

Verkefnasamningur Héraðssambands Vestfirðinga og Ísafjarðarbæjar.

Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði og Héraðssamband Vestfirðinga (HSV), Hafnarstræti 18, 400 Ísafirði, gera með sér svohljóðandi verkefnasamning:

1. gr.

Markmið og verkefni.

Með samningi þessum felur Ísafjarðarbær HSV að taka að sér skilgreind verkefni á vegum bæjarfélagsins til að renna enn styrkari stoðum undir íþróttar- og æskulýðsstarfsemi á þeirra vegum.

HSV samþykkir, samkvæmt samningi þessum, að taka að sér verkefni þau er getið er um í fylgiriti með samningnum.

Ísafjarðarbær getur falið HSV að vinna önnur verkefni en hér eru tilgreind í fylgiritinu sé HSV samþykkt því og munu þá greiðslur fylgja verkefninu frá Ísafjarðarbæ.

HSV skal undirrita verkefnasamninga við aðildarfélög sín þar sem þeim eru falin þau verkefni er getið er í fylgiriti samningsins.

2.gr.

Upphæðir og greiðsla

Ísafjarðarbær mun greiða HSV 7.500.000.- vegna verkefna sem getið er um í 1.gr.

Stjórn HSV sér um að ráðstafa verkefnum og fjárhæðum þeim tengdum á milli félaga með tilliti til umfangs barna- og unglingastarfs þeirra, enda hafi HSV eftirlit með því að slíkt starf fari fram hjá viðkomandi félögum.

Greiðsludagar Ísafjarðarbæjar til HSV skulu vera einu sinni í mánuði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Skila skal reikningum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar fyrir 10. hvers mánaðar.

3.gr.

Umsjón

Með samningi þessum felur Ísafjarðarbær HSV að hafa umsjón með þeim verkefnum sem getið er um í 1.gr. HSV ber ábyrgð á því að verkefnin séu unnin og ber Ísafjarðarbæ að koma öllum athugasemdum er varða verkefnin til framkvæmdarstjóra HSV. Fyrir árlega endurskoðun skilar HSV skýrslu til Ísafjarðarbæjar um þau verkefni sem unnin hafa verið á árinu.


4.gr.

Gildistími

Samningur þessi gildir til fjögurra ára. Endurskoðun verkefna fer fram í október árið næstum gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og getur upphæð breyst með samþykki þeim aðila.

Ísafjörður, 18. desember 2015.

Guðrún Stefání Stefánsdóttir
F.h. Héraðssambands Vestfirðinga.


F.h. Ísafjarðarbæjar.

Vottar að réttri dagsetningu og undirritun.

Margrét Hallðorsdóttir
Sig. Lára Gunnlaugsdóttir